Reynjavík, 29. Juli 1860.

Hæstvirti Herra og ástkæri vinur minn.

Eg þakka Yður hjartanlega Yðar ágæta bréf frá 24. f. m. og allar Yðar góðu bendíngar í því mér til leiðbeiníngar og léttis, auk bókarinnar Yðar: Íslenzku þjóðsagnanna, sem eg hafði feingið með næstu ferð á undan, og kemi þær nógu snemma, þar sem eg hafði þángað til notað exemplar stiptsbóka safnsins. Þessi bók er daglegur monitor minn og Mentor, eða meir theologice talað: „Ljós á mínum vegum og lampi minna fóta" í myrkrum munnmælanna, ósamkvæmni þeirra og ærustu. Þessu næst skal eg leyfa mér að drepa á fáein atriði í bréfi Yðar hinu síðasta.

Á viðarskipunum á opinu í bók Yðar, sem eg get ekki yfirhöfuð ímyndað mér neina bætir, hefi eg viljað fylgja í sem flestum atriðum. Það er undantekning með goðaráðis-hafiarn, sem eg hefi sleppt gjörsamlega fremst, af því eg gat eingu sögulegu við hann aukið, þrátt fyrir sem hann er hjá Yður, en bæði vantreysti eg mér til að leggja hann ekki eins áheyrilega á íslenzku, eins og hann er samsinn á þýzku, og það enn, að eg ímynda mér, að alþýða hér þækki meira til hans koma, ef sögur fylgdu honum. Annað atriði, sem eg hefi leyft mér að víkja úr stað, eru sendíngarnar, sem eg get ekki aðgreind með neinu móti frá uppvakníngunni, og hefi því fært þær úr III. flokki, 2. grein, og sett þær aptur í II. fl., 2. gr., sem þær munu nú þegar vera búnar að sjá. Úr III. fl. 2. gr. sleppi eg líka „Körperbewegungen, welche zauberische Wirkung äussern"; því það atriði finnst mér eiga heima í Skreddum. Eg býst líka við að eg muni flytja Skotta-særínguna (Abi male spirite) á 106. bls. aptur í legendas, þó er eg ekki búinn að átta mig fyllilega á því enn. — Skraddur er eg um, að mér hafi ekki tekizt að gjöra íngánginn fyrir draugasögunum vel við hæfi, eða eins og þær hefðu viljað óska; eg held eg hafi þó aukið hann nokkuð. „Yfirnáttúrlegir hæfileglekar" eru og nokkru fyllri hjá mér; eg hafði ekki meira til, en eg hnaðaði þar í af sögum, er eg þó ekki viss um, nema „Ammar alburður" ætti, ef til vill, eins vel inn í Dýrasögur (fuglafræðina sumsé). Eg hafði þegar áttað mig á Kóngi og drottníngu (e. Karli og Kerlíngu); þær eru svo sem sjálfsettar í æfintýrin (Mährchen); sama er að segja um ummæli og álög, hefndar og heiptar sögur, þær heyra eðlilegast undir þá grein, sem þér kallið Fluche,